



Spáum 0,5% hækkun VNV í júní

Hagstofan birtir júnímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 28. júní. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,5% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólgan úr 1,7% í 2,0%.


Samkvæmt spánni er reiknað með að helstu áhrifavaldar til hækkunar milli mánaða verði:

- **Bensín** (+0,11% áhrif). Samkvæmt verðmælingu okkar hafa bensín og díselolía hækkað um 3,0% milli verðmælingavikna. Þetta er í samræmi við þróun á heimsmarkaðsverði á hráolú sem hefur hækkað nokkuð það sem af er ári.
- **Reiknuð húsaleiga** (+0,10% áhrif). Húsnæðisverð hefur verið einn helsti drifkraftur verðbólgunnar undanfarin ár. Til að mynda er árstaktur VNV án húsnæðis einungis 0,3% í maí. Nýjustu tölur frá Þjóðskrá benda til að lítil breyting verði þar á, en vísitala íbúðaverðs hækkaði um 1,2% milli mánaða í maí.
- **Flugfargjöld til útlanda** (+0,06% áhrif). Mun dýrara er að fljúga til útlanda að sumri til. Í fyrra hækkuðu flugfargjöld til útlanda um 2,3% milli mánaða í júní¹. Í ljósi bæði hækkanði olíuverðs og meiri eftirspurnar gerum við ráð fyrir að þessi liður hækki nokkuð meira milli mánaða í ár en í fyrra.
- **Hótel og veitingastaðir** (+0,05% áhrif). Þjónusta hótel og gistiheimila hækkar jafnan töluvert í verði í júní í samræmi við aukinn fjölda ferðamanna á þessum tíma árs.

Auk þess gerum við ráð fyrir að húsnæðiskostnaður annar en reiknuð húsaleiga (+0,05% áhrif), póstur og sími (+0,03% áhrif), og matur og drykkjarvara (+0,02% áhrif) hækki.


Þetta er 0,1 prósentustigi herra en bráðabirgðaspáin sem við birtum fyrir mánuði síðan. Munurinn skýrist aðallega af því að verðkönnun okkar bendir til að bensín og díselolía hækkaði milli mánaða, en við gerðum ráð fyrir óbreyttu verði milli mánaða í

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Mánaðarbreyting VNV í júní



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ ATH: vegna breytinga á aðferðafræði Hagstofunnar við verðmælingar á flugfargjöldum til útlanda sumarið 2014 eru mánaðarbreytingar frá 2014 og fyrr ekki sambærilegar við mánaðarbreytingar 2015 og seinna.

eldri spá. Breyting á spánni fyrir aðra undirliði er óveruleg.

Verð á evru hefur lækkað um 0,2% milli verðkannanavikna, Bandaríkjadalur hefur lækkað um 0,6%. Sem fyrr gerum við því ráð fyrir að styrking krónunnar dragi úr almennum verðbólguþrýstingi.


Verðbólgan nálgast markmið í september

Bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu þrjá mánuði er:

- **Júlí: +0,1%:** Sumarútsölur vega á móti hækkunum á flugfargjöldum til útlanda. Gerum einnig ráð fyrir áframhaldandi hækkun á húsnæðisliðnum.
- **Ágúst +0,4%:** Sumarútsölurnar ganga að öllu jöfnu að hluta tilbaka í ágúst. Sem fyrr gerum ráð fyrir áframhaldandi hækkun á húsnæðisliðnum.
- **September 0,0%:** Sumarútsölurnar ganga að öllu jöfnu að fullu tilbaka í september. Á móti vegur að flugfargjöld til útlanda lækka eftir að háannatímanum líkur. Sem fyrr gerum ráð fyrir áframhaldandi hækkun á húsnæðisliðnum.


Gangi spá okkar eftir verður verður ársverðbólgan í september 2,2%, en greiningardeildir Íslandsbanka (+2,2%) og Arion banka (+2,3%) gera báðar einnig ráð fyrir að verðbólgan fari yfir 2% í september.

Vísitala neysluverðs



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Bráðabirgðaspár



Heimild: Greiningardeild Arion banka, Greiningardeild Íslandsbanka, Hagfræðideild Landsbankans.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.